

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita  
Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 11. janúar 2019

Tilvísun: 201812009 / 3.3

## Efni: Óveruleg breyting á aðalskipulagi í landi Hraunhóla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur, með erindi dags. 29. nóvember 2018 (innkomið 6. desember 2018), sent Skipulagsstofnun til staðfestingar óverulega breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn þann 5. september 2018 og hefur niðurstaða hennar verið auglýst.

Skipulagsbreytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:50.000 og í greinargerð, hvoru tveggja dags. 2. maí 2018.

Breytingin felst í að stækka svæði blandaðrar landnotkunar íbúðar- og landbúnaðarsvæðis í landi Hraunhóla um 18 ha svo úr verði samtals 26 ha uppbyggingarsvæði.

Með erindinu bárust umsagnir frá Minjastofnun Íslands dags. 21. september 2018, Vegagerðinni dags. 26. nóvember 2018, Umhverfisstofnun dags. 15. nóvember 2018, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 29. nóvember 2018 og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti dags. 25. október 2018.

Skipulagsstofnun getur ekki fallist á að breytingin geti fallið undir óverulega breytingu á aðalskipulagi þar sem um er að ræða verulega breytingu á landnotkun sem tekur til stórs svæðis sbr. skilyrði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga sem skipulagsbreyting þarf að uppfylla til að málsmeðferð geti verið óveruleg. Auk þess kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar að um er að ræða landsvæði sem fellur undir lið a. í 2. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd. Um slíkt svæði gildir að þeim ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til.

Skipulagsstofnun hefur verið tilkynnt um að sveitarstjórn hafi samþykkt 21. nóvember 2018 tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið og að hún skuli send Skipulagsstofnun til athugunar sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Í ljósi þess að fyrir liggur samþykkt tillaga sveitarstjórnar til auglýsingar, þar sem mörkuð er stefna um umrætt svæði, telur stofnunin ekki eiga við að beina innsendu erindi í málsmeðferð skv. 30. – 32. gr. skipulagslaga líkt og annars er gert þegar málsmeðferð óverulegrar breytingar á aðalskipulagi er hafnað.

Skipulagsstofnun mun fara yfir samþykktu tillögu sveitarstjórnar að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þegar skipulagsgögn hafa borist til athugunar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

  
Hafdis Hafliðadóttir

Afrit: Kristófer Tómasson, sveitarstjóri